

VARÐVEISLA MINJA OG EIGNASKRÁNING FRÁ ÁGÚST 2014 – EFTIRFYLGNIÚTTEKT

Innri endurskoðun

18. febrúar 2020

IE18080004

Innri endurskoðun gaf út niðurstöður úttektar á skráningu safngripa og innra effirliti hjá Menningar- og ferðamálasviði (MOF) í ágúst 2014. Innri endurskoðun setti fram sautján ábendingar um atriði sem betur þyrftu að fara varðandi varðveislu og skráningu safngripa hjá MOF.

Í kjölfar úttektar Innri endurskoðunar skipaði sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs starfshóp um skráningu safnkosts á sviðinu. Helstu verkefni hópsins voru samkvæmt erindisbréfi stöðlun skráninga, gæðamál, mat á þáverandi skráningarkerfi, átak í skráningu og stjórnendaupplýsingar. Hópurinn skilaði af sér greinargerð/minnisblaði í mars 2015.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Niðurstaða eftirfylgniúttektar nú er að loka tíu ábendingum og ítreka sjö. Meginniðurstaða eftirfylgniúttektar er:

- Skráning safngripa er gerð með ólíkum hætti á milli safna og innan Borgarsögusafns. Ekki hefur átt sér stað samræming við skráningu né notkun hugtaka, þó svo að öll söfnin styðjist við alþjóðlegan faglegan staðal, ICOM. Ekki er samræmi milli safna á vinnslu við uppbyggingu gæðamála né innan þess hluta Borgarsögusafns sem úttektin náði til, þar sem hver safneining er með sitt snið. Innri endurskoðun hefur bent á að samræma þurfi uppbyggingu gæðamála innan borgarinnar og það á einnig við innan sviða.
- Umbætur hafa átt sér stað við móttöku safngripa en ólokið er aðgerðum til að bæta upplýsingaöryggi. Ánægja er meðal viðmælenda með virkni kerfanna og þau uppfylla þarfir þeirra. Þróun hefur verið á hugbúnaðinum Sarpí sem einfaldar eignaumsýslu og safnastarf hjá Árbæjarsafni Borgarsögusafns.
- Vakin er athygli á að þörf er á frekara átaki í skráningu safnkosts en grundvöllur öflugssafna-starfs er vönduð og áreiðanleg skráning safngripa og meðferð þeirra.

Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annari miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda. Söfn skulu stunda markvissa söfnun muna og heimilda til að safnkostur þeirra gefi sem heildstæðasta mynd af sérsviði þeirra.

3. gr. safnalaga nr. 141/2011



10
Lokið

Aðgerðir stjórnenda innleiddar að fullu.

Innri endurskoðun metur sem svo að brugðist hefur verið við ábendingum og þeim lokað.



5
Í vinnslu

Aðgerðir stjórnenda hafa ekki að fullu verið innleiddar en unnið er að úrbótum.

Þar sem úrbótum er ekki lokið er ábendingar ítrekaðar. Innri endurskoðun mun fylgjast með framgangi ábendinganna.



2
Opnar

Stjórnendur hafa ekki brugðist við ábendingum Innri endurskoðunar.

Ábending Innri endurskoðunar er ítrekuð og tilkynnt endurskoðunar-nefnd.

Hallur Simonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar